

**Mál nr. 29/2016**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og**  
**vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**

**Árekstur bifreiða í Hrútafirði 10.8.2015**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 3.2.2016 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V-1 dags. 26.2.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2

**Málsatvik.**

Báðum bifreiðunum var ekið til suðurs í Hrútafirði. Ökumaður A segir að skyndilega hafi A snögghemlað og snérist á veginum og síðan hafi B sem ók á eftir A verið ekið á A og síðan út af veginum. Ökumaður B segir að A hafi snarhemlað og hafi hún snarhemlað og reynt að stýra framhjá A en ekið á A og síðan út af veginum. Við skoðun á A kom í ljós að drifbúnaður A bilaði með þeim afleiðingum að hjól læstust fyrirvaralaust. Fram kemur í gögnum málsins að annarri bifreið hafi verið ekið á eftir A og sú bifreið náð að stöðva þegar A snögghemlaði.

**Álit.**

Ökumaður A ber ekki sök í málinu. Skyndileg bilun á A olli því að A snarhemlaði og snérist á veginum. Ökumaður B gætir þess ekki að hafa nægjanlegt bil á milli bifreiðanna og brýtur gegn ákvæði 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem kveðið er á um að ökutæki sem ekið er á eftir öðu ökutæki skuli vera svo langt frá því, að eigi sé hættu á árekstri, þótt ökutækið sem á undan er stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Ökumaður B ber því alla sök.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 11.3.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.